

FUNDARGERÐ

FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

101. fundur félagsmálaráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn, 20.01.2010, kl. 10.00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Afgreiðslur frá síðasta fundi, umsóknir um fjárhagsaðstoð.
2. Heimilishjálp, innlit.
3. Reglur um fjárhagsaðstoð.
4. Málefni fatlaðra, flutningur málaflokks til sveitarfélaga, fundargerð þjónustuhóps
5. Jafnréttismál
6. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Afgreiðslur félagsmálastjóra frá síðasta fundi, umsóknir um fjárhagsaðstoð. Sjá trúnaðarbók.
2. Umsókn um heimilisþjónustu. Sjá trúnaðarbók.
3. Lagðar fram til kynningar grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar sem gilda frá 1. janúar 2010. Grunnfjárhæð fyrir einstakling er kr. 127.793 og fyrir hjón/sambúðarfólk kr. 204.469 á mánuði.
4. Málefni fatlaðra. Lögð fram til kynningar viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar fundargerð SSNV. frá 11. desember 2009.
5. Lagt fram bréf Jafnréttisstofu dags 2. desember 2009, þar sem óskað er eftir að fá senda jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Húnaþings vestra. Jafnréttisáætlun hefur verið send til Jafnréttisstofu.
Félagsmálaráð vill hvetja þá lista sem ætla að bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í vor að leggja áherslu á jafnrétti kynja við röðun á lista.
6. Önnur mál.
 - a) Umsókn um stuðning við fatlaðan einstakling. Sjá trúnaðarbók
 - b) Uppsagnir hafa borist á þremur félagslegum íbúðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 12:00

Sigrún Birna Gunnarsdóttir(sign.),
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Sigrún Elísabeth Arnardóttir(sign.),
Henrike Wappler(sign.).

Kristín Jóhannesdóttir(sign.),
Sigríður Arnfjörð Guðmundsdóttir(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign.).